



DEILISKIPULAG VIÐ DESJARMÝRI, BREYTING Á LÓÐ NR. 5



GILDANDI DEILISKIPULAG, M. 1 : 2.500 (Minnkað úr 1 : 2.000)
Samþykkt í bæjarstjórn Mosfellsbæjar 4. júlí 2007, breytt 23. apríl 2014.



BREYTT DEILISKIPULAG M. 1 : 1.000

Greinargerð um skipulagsbreytingu

Markmið með breytingunni er að koma til móts við óskir um lóð fyrir byggingu geymsluhúsnæðis á einni hæð í fremur litlum einingum, sem síðan mætti selja eða leigja til einstaklinga og fyrirtækja. Um er að ræða framhald uppbyggingar sem stendur yfir á lóð nr. 7.

Í breytingunni felst að byggingarreit og skipulagsskilmálum fyrir byggingar á lóðinni nr. 5 við Desjarmýri verði breytt í þessu skyni. Miðað er við að leyfilegt byggingarmagn breytist óverulega, þ.e. að hámarksnýtingarlutfall hækki um 0,02. Þar sem áformuð starfsemi krefst ekki mikilla bílastæða, er slakað verulega á kröfu um bílastæði á lóðinni, niður í 1 stæði pr. 200 m² húsnæðis.

Breytingar á skilmálum

Eins og á lóð nr. 7 breytist húsgerðin úr gerð B í húsgerð D, sem er einnar hæðar húsalengja til notkunar sem geymsluhúsnæði.


Eftirfarandi skilmálar gilda um húsgerð D:

- Geymslunar skulu vera sambyggðar í lengjur sem geta verið ýmist einfaldar eða tvöfaldar þannig að þær snúi bökum saman. Í fyrra tilvikinu skulu þök vera einhalla með lágbrún aðkomuhliðarmegin, en í því síðara skulu þau vera mænispök.
- Leyfileg hámarkshæð þaka er 5,0 m og hæð langhliða húsalengjanna má mest vera 3,3 m.
- Hámarksnýtingarlutfall á lóðinni er 0,42.
- Bil milli lengja sem snúa aðkomuhliðum saman skal ekki vera minna en 9,8m og fritt svæði fyrir framan aðkomuhlið geymslna skal hvergi vera minna en 7 m.
- Á lóðinni skulu vera almenn bílastæði fyrir eigendur/leigjendur geymslna sem svarar 1 stæði fyrir hverja 200 m² húsnæðis.
- Girða skal lóðina af með allt að 2,5 m hári girðingu sem skal vera gegnsæ, úr járnvirki og vönduð að allri gerð. Girðing skal vera minnst 1,5 m innan við lóðarmörk að götu, en má vera á lóðarmörkum á öðrum hliðum lóðarinnar.
- Tengingar veitna skulu vera sameiginlegar fyrir hverja húslengju og skulu tengiklefar vera í húsendum sem snúa að götu. Fráveita skal útbúin með sand- og oliugildrum.
- Fyrir hverjar byrjaðar 40 geymslueiningar skal vera fyrir hendi eitt salerni til afnota fyrir eigendur/leigjendur geymslna.
- Óheimil er að geyma gáma á lóðinni og verkstæðisrekstur er þar sömuleiðis óheimill.

Að öðru leyti vísast til almennra skilmála í upphaflegu deiliskipulagi eftir því sem þeir geta átt við.

SKÝRINGAR:

- MÖRK DEILISKIPULAGS
- LÓÐARMÖRK
- BYGGINGARLÍNA
- BYGGINGARREITUR, DÆMI UM HÚS
- NÚVERANDI BYGGINGAR
- GÖNGULEIÐIR
- AÐKOMA AÐ LÓÐ, LEIÐBEINANDI



ADALSKIPULAG MOSFELLSBÆJAR 2011 - 2030
HLUTI M. 1 : 15.000

Breytingar eftir auglýsingu:

.....
.....

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem hlotið hefur meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í Bæjarstjórn Mosfellsbæjar þann _____ 2016.

Skipulagsfulltrúi

Skipulagsbreytingin tók gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2016



UMHVERFISSVIÐ MOSFELLSBÆJAR
DESJARMÝRI,
BREYTING Á DEILISKIPULAGI
Breyting varðar lóð nr. 5.

Mælikvarðar: 1 : 1.000; 1 : 2.500; 1 : 15.000
Dags.: Janúar 2016 - Breytt:
Teiknað: FB